

8. bekkur enska kennsluáætlun 2019-2020 eftir áramót

Kennarar: Brynhildur R Vilhjálmsdóttir

8

Markmið - Hvað ætlum við að læra?

Nemendur eflast í almennri ensku, hvort sem það er í töluðu eða bundnu máli.

Námsefni - Hvaða bækur og gögn notum við í náminu?

Spotlight 8 les- og vinnubók, lesefni af netinu, námsleiki og ýmsar smásögur.

Kennsluaðferðir - Hvernig vinnum við í kennslustundum?

Nemendur vinna einstaklings og hópavinnu, vinna í vinnubók og lesbók. Við notum ýmsar leiðir til að öðlast færni s.s lestur, ritun, leiki og kynningar

Námsmat - Hvað og hvernig nám og vinna metin?

Notast er við símat þar sem inn telur hópa- einstaklingsverkefni, kynningar, frásagnir og fl.

GF enska 8. bekkur - Hlustun

- Tileinkað sér aðalatriði úr kynningum og frásögnum sem eru innan áhuga-, náms og þekkingarsviðs hans og brugðist við efni þeirra, sagt frá, unnið úr eða nýtt sér á annan hátt.
- Án vandkvæða fylgst með aðgengilegu efni í fjöl- og myndmiðlum sér til gagns og ánægju, sagt frá og unnið úr.
- Hlustað eftir nákvæmum upplýsingum, valið úr þær sem við á og brugðist við eða unnið úr þeim.

GF enska 8. bekkur - Lesskilningur

- Aflað sér upplýsinga úr texta, greint aðalatriði frá aukaatriðum, gert sér grein fyrir helstu niðurstöðum og nýtt sér í verkefnavinnu.
- Lesið sér til fróðleiks rauntexa, t.d. úr dagblöðum, tímaritum og netmiðlum sem fjalla um efni er varðar líf hans, aðstæður eða umhverfi, brugðist við efni þeirra, sagt frá eða unnið úr á annan hátt.
- Lesið sér til gagns, ánægju og þroska smásögur og skáldsögur ætlaðar ungu fólki og myndað sér skoðanir á efni þeirra og lesið og tileinkað sér efni sem tengist öðrum námsgreinum og hugtök sem tengjast þeim og nýtt í nýju samhengi.

GF enska 8. bekkur - Samskipti

- Tekið þátt í óformlegu spjalli um daginn og veginn um efni sem hann er vel heima í.
- Tekist á við margs konar aðstæður í almennum samskiptum, t.d. miðlað og tekið á móti upplýsingum á ferðalögum, sem gestgjafi eða í netsamskiptum.
- Tekið þátt í skoðanaskiptum, fært einföld rök fyrir máli sínu og tekið tillit til sjónarmiða viðmælanda.

GF enska 8. bekkur - Frásögn

- Tjáð sig skipulega með undirbúið eða óundirbúið efni sem hann þekkir, hefur hlustað á, lesið um eða unnið með í námi sínu, sagt skoðun sína á því og brugðist við spurningum.
- Flutt stutta frásögn eða kynningu um undirbúið efni og af nokkru öryggi.

GF enska 8. bekkur - Ritun

- Skrifað ýmsar gerðir af textum og hagað orðum sínum með lesanda í huga og í samræmi við inntak og tilgang með skrifunum.
- Leikið sér með málið og látið sköpunargáfuna og ímyndunaraflið njóta sín.

- Skrifað um eða brugðist skilmerkilega við því sem hann hefur hlustað á, séð eða lesið og fylgt ákveðnu formi textagerðar þar sem það á við.
- Tjáð sig um skoðanir sínar, tilfinningar, reynslu og þekkingu.

GF enska 8. bekkur - Menningarläsi

- Sýnt fram á að hann þekkir nokkuð til innri samfélagsgerðar, hvað einkennir þjóðfélagið.

GF enska 8. bekkur - Náms hæfni

- Beitt margvíslegum námsaðferðum sem geta komið að gagni í náminu og veit hvenær þær eiga við,
- Unnið sjálfstætt, með öðrum og undir leiðsögn og tekið tillit til þess sem aðrir hafa til málanna að leggja.
- Beitt á raunsæjan hátt sjálfsmati og jafningjamati í tengslum við viðfangsefni námsins og veitt sanngjarna endurgjöf.
- Nýtt sér öll helstu hjálpartæki, s.s. ítarefni, efni úr fjölmiðlum, orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit, tungumálaforrit og leitarforrit og umgengist þau af gagnrýni.
- Nýtt sér reynslu sína og þekkingu til að skapa nýja þekkingu og nota í nýju samhengi.